



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um upplýsingaþjónustu til fólks af erlendum uppruna

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 2. apríl 2020, fór fram kynning á upplýsingagjöf og starfsemi mannréttinda-, og lýðræðisskrifstofu og þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna COVID - 19. Samþykkt var svohljóðandi málsmeðferðartillaga sbr, 3. lið fundargerðar ráðsins sama dag:

Lagt er til að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið, skóla- og frístundasvið, velferðarsvið, upplýsingadeild borgarinnar, fjölmeningarráð, og aðra sem koma ættu að málum að vinna tillögur að því hvernig megi stuðla að góðri og heildstæðri upplýsingamiðlun til fólks af erlendum uppruna með því markmiði að tryggja fullnægjandi upplýsingaþjónustu við sem allra flesta íbúa borgarinnar, hvort sem þeir tala íslensku eða ekki. Í þeirri vinnu skuli taka mið af samþykktri stefnumörkun borgarinnar um að auka eigi aðgengi fólks af erlendum uppruna að þjónustu borgarinnar og upplýsingum um þeirra réttindi í mannréttindastefnu, í stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, í upplýsingastefnu og í málstefnu.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð þakkar góða yfirferð. Fulltrúar ráðsins vilja koma á framfæri kærri þakklæti til starfsfólks þjónustu- og nýsköpunarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fyrir viðamikil, öflug og vel unnin störf á þessum krefjandi tímum. Það er gríðarlega mikilvægt að það sé vel haldið utan um upplýsingagjöf til fólks af erlendum uppruna svo við getum öll verið almannavarnir, ekki bara sum. Joanna Marcinkowska og Barbara Jean Kristvinsson, sérfræðingar í innflytjendamálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, hafa unnið þrekvirki í þessum efnum að undanfögnu í samvinnu við starfsfólk viðkomandi sviða. Auðvitað væri best ef það væri hægt að hafa upplýsingagjöfina alltaf jafn góða og hún er við þessar sérstæðu aðstæður og ætti það sannarlega að vera okkar markmið. Ber að

nefna að það er ánægjulegt að þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi innleitt fjarfundabúnað áður en að þessum aðstæðum kom og nýtur borgarstjórn og stjórnslan öll nú góðs af því og hefðum við verið í allt öðrum aðstæðum ef svo hefði ekki verið.

Málsmeðferðartillögunni er hér með vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið, skóla- og frístundasvið, velferðarsvið, upplýsingadeild borgarinnar og fjölmeningarráð.

Virðingarfyllt

Elísabet Pétursdóttir

Afrit:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið
Skóla- og frístundasvið
Velferðarsvið
Upplýsingadeild borgarinnar
Fjölmeningarráð.